

# STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 1989

---

---

15. júní 1989

555

Nr. 299

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar við Súgandafjörð.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 31. maí 1989, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 fallist á og staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar að opið svæði við Hlíðarveg verður svæði fyrir opinbera stofnun (kyndistöð).

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

15. júní 1989

Nr. 300

## REGLUGERÐ

### um (7.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.

1. gr.

4. gr., e-stafliður hljóði svo:

„e. Lyf í ATC-flokkum A 14 A (vefaukandi lyf) og G 03 H (andandrógenar og blöndur) skulu merkt E,O, og lyf í flokki V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt L,E,O í lyfjaverðskrá og greiðast samkv. ákvæðum 3. gr., enda framvísi sjúklingur lyfjaskírteini útgefnu af trúnaðarlækni samlags. Ef lyfjaskírteini er ekki fyrir hendi tekur samlag ekki þátt í greiðslu lyfsins.“

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 1989.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingolf J. Petersen.*